



Alþýðusamband Íslands
b.t. Gylfa Arnþjörnssonar
Sætúni 1
105 Reykjavík


Reykjavík 7. febrúar 2014
Tilv. 2.3
GG/sl

Efni: Gjaldskrár og verðlagsþróun.

Ég vísa til erindis ASÍ til stjórnar Faxaflóahafna sf. dags. 14. janúar 2014 þar sem samningar ASÍ og SA frá 21. desember s.l. eru lagðir til grundvallar átaki til að sporna við verðbólgu þannig að stöðugleiki náist og aukinn kaupmáttur. Í bréfinu er skorað á Faxaflóahafnir sf. að draga hækjun á gjaldskrá til baka ella verði almenningur upplýstur með áberandi hætti um þau fyrirtæki sem ekki sýni samstöðu með átaki ASÍ.

Af hálfu Faxaflóahafna sf. er því fagnað að átak verði gert til þess að ná markmiðum um stöðugleika, lægri verðbólgu og aukinn kaupmátt. Reynt hefur verið að ná þeim árangri á liðnum árum með sambærilegum aðgerðum, en því miður við misjafnan árangur, enda ljóst að þróun verðlags og vísitalna lýtur mun fleiri þáttum en gjaldskrám fyrirtækja.

Faxaflóahafnir sf. eru fyrirtæki þar sem nokkrar hafnir við Faxaflóa voru árið 2005 sameinaðar í eitt fyrirtæki þar sem Reykjavíkurhöfn var stærsti aðilinn. Sem kunnugt er gegnir Reykjavíkurhöfn því hlutverki sem megingátt flutninga til og frá landinu auk þess sem hlutverk Faxaflóahafna sf. hefur verið að þróa land og lóðir í þágu atvinnulífs m.a. í Reykjavík og á Grundartanga. Fyrirtækið hefur ekki notið styrkja til uppybyggingar heldur verður sjálft að afla tekna til að standa undir rekstri og fjárfestingum. Við hrún íslensks efnahagssíls árið 2008 kom fyrirtækinu vel að hafa gætt hófs í rekstri og skuldbindingum, en áhrif hrunsins leiddu til samdráttar í tekjum af flutningum. Frá árinu 2008 til dagsins í dag hafa breytingar Faxaflóahafna sf. á gjaldskrá félagsins verið talsvert undir þróun verðlags eins og neðangreind mynd sýnir.



Þá skal nefnt að Seðlabanki Íslands mælir nú verðbólgu á 12 mánaða tímabili 3,1%, en á síðustu mánuðum hefur þróun vísitalna verið með eftirfarandi hætti:

Launavísitala des. 2012 - des. 2013	6,0%
Byggingarvísitala jan. 2013 - jan. 2014	2,8%
Neysluvísitala jan. 2013 - jan. 2014.	3,1%

Þrátt fyrir samdrátt í tekjum, breytingar á gjaldskrá undir verðlagsþróun og litla eftirspurn lóða hefur Faxaflóahöfnum sf. tekist að halda traustum fjárhag, en um leið lagt hátt í einn milljarð króna árlega til framkvæmda, sem hefur verið fyrirtækinu mikilvægt til nauðsynlegrar þróunar, en ekki síður mikilvægt til þess að leggja sitt að mörkum við að koma af stað framkvæmdum og fjárfestingu í landinu.

Heillshugar er tekið undir að með lækkandi verðbólgu og auknum stöðugleika verður fyrirtækjum og þar með Faxaflóahöfnum sf. betur fært að gera áætlanir til lengri tíma og fylgja þeim. Hins vegar eru fyrirtækjum og þar með Faxaflóahöfnum sf. takmörk sett ef tekjuöflun tekur ekki mið af því verðlagi sem búið er við hverju sinni. Rýrnun tekna og hækkun gjalda leiðir þannig til lakari rekstrarhæfni og minni fjárfestingargetu.


Stjórn Faxaflóahafna sf. tók erindi ASÍ til afgreiðslu á fundi sínum í dag. Þar var eftirfarandi fært til bókar:

"Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkir að fresta hækkun á vörugjöldum frá og með 1. janúar en miða hækkun skipagjalda og tengdra þjónustugjalda við 2,5%, sem er verðbólgu markið Seðlabanka Íslands, í stað 3,8% hækkunar. Gjaldskráin verði tekin til endurskoðunar á miðju ári með hliðsjón af þróun verðlags. Hafnarstjóra er falið að gera viðeigandi tillögu að breytingum rekstrargjalda miðað við nýjar verðlagsforsendur og senda ASÍ og Eimskipafélagi Íslands svar við erindi þeirra og gera grein fyrir þeim áhrifum sem þessi breyting hefur.

Sveinn Kristinsson telur að gjaldskráin eigi að vera óbreytt og í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2014."

Með þessari ákvörðun er komið til móts við ákall um að álögur vegna innflutnings á neysluvöru hækki ekki vegna gjaldskrár Faxaflóahafna sf. Þá er á grundvelli þróunar verðlags dregið úr breytingum a skipagjöldum og þjónustugjöldum við skipaþjónustu og breytingin miðuð við verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands. Áhrif þessa eru einnig að lækka þarf áætlun rekstrarútgjalda - þó svo að enn sé óvissa um þróun kjarasamninga. Ljóst er hins vegar að nettó áhrif þessara breytinga fela í sér lækkun áætlaðra tekna Faxaflóahafna sf. um 40,0 mkr.

Faxaflóahafnir sf. vinna nú að ýmsum verkefnum, sem eru til þess fallin að auka atvinnu á starfssvæði fyrirtækisins. Til þess að geta sinnt því hlutverki þá er fyrirtækinu nauðsynlegt að hafa fjárhagslegan slagkraft til nauðsynlegra þróunarverkefna. Fyrirtækið hefur á liðnum árum sýnt af sér samfélagslega ábyrgð hvort heldur er varðandi umhverfismál, gjaldskrármál og stuðning við einstök verkefni, sem til framfara horfa. Með ákvörðun stjórnar Faxaflóahafna sf. nú, varðandi erindi ASÍ, er komið vel til móts við sjónarmið og baráttumál sambandsins og er vonast til að fallist sé á þau sjónarmið sem að fram koma hér að framan. Það væri Faxaflóahöfnum sf. ánægjuefni ef fulltrúar ASÍ myndu þiggja boð um heimsókn til fyrirtækisins í því skyni að kynnast verkefnum þess og umfangi rekstrarins.

Virðingarfyllest,

 Gíslason

Gísli Gíslason, hafnarstjóri